

RÍKISSAKSÓKNARI

HMG /

Reykjavík, 1. júní 2022

Varðar Upplýsingabeidni frá umhverfis- og samgöngunefnd v. 42. gr. fjarskiptalaga

Ríkissaksóknara hefur borist svohljóðandi beiðni.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur nú til skoðunar nýtt frumvarp til laga um fjarskipti (mál 461) og á fundi nefndarinnar nú á föstud. sl. var samþykkt að óska eftir upplýsingum frá Ríkissaksóknara vegna þess. Um er að ræða upplýsingar um það hversu margar beiðnir hafa verið lagðar fram á grundvelli 3. mgr. 42. gr. núgildandi fjarskiptalaga, nr. 81/2003, hvert undanfarinna fimm ára. Jafnframt er óskað eftir því að upplýsingarnar séu greindar eftir brotaflokk og sundurliðaðar eftir því hver óskar gagnanna. Þá óskar nefndin eftir því að í upplýsingunum komi fram hversu oft beiðnir voru samþykktar og hversu oft þeim var synjað. Bendi á að í 3. mgr. 89. gr. umrædds frumvarps er sambærilegt ákvæði að finna.

Það upplýsist að ríkissaksóknari býr ekki yfir nema hluta af þeim upplýsingum sem beiðt er um. Þ.e. upplýsingum um árlegan fjölda beiðna um gögn eða upplýsingar sem getið eru um í 3. mgr. 42. gr. fjarskiptalaga, nr. 81/2003 og hvaða fjölda hver lögreglustjóri aflar árlega. Þessar upplýsingar liggja fyrir og eru þær sömu og koma fram í árlegum skýrslum ríkissaksóknara vegna eftirlits með símahlustunum og tengdum úrræðum, sbr. 3. mgr. 85. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Vegna skamms fyrirvara er ekki hægt að svara beiðninni með nákvæmari hætti. Þá hefur skýrsla vegna ársins 2021 ekki verið tekin saman og fylgir því ekki tölfræði vegna þess árs. Skýrslur ríkissaksóknara voru fyrst teknar saman eftir gildistöku laga 103/2016, sem tóku gildi 1. janúar 2017. Því liggja þessar upplýsingar eingöngu fyrir vegna fjögurra ára þ.e. 2017-2020.

Varðandi aðra hluta beiðninnar má upplýsa að það gerist mjög sjaldan að dómstólar hafni kröfu lögreglu um úrskurð vegna þessara beiðna enda eru skilyrði fyrir beitingu þessa úrræðis þau vægustu samkvæmt XI. kafla sakamálalaga, enda engin krafa um að brot varði tiltekinni refsingu eins og á við um önnur úrræði kaflans skv. 81. og 82. gr. Þótt ekki liggi fyrir hvað brotaflokkar eru á bak við öflun þessara upplýsinga sem nefnd eru í beiðninni sérstaklega, má upplýsa að samkvæmt skýrslum ríkissaksóknara um eftirlit með símahlutunum og skyldum úrræðum er þessum úrræðum beitt í um 60% tilfella vegna rannsókna á fikniefnabrotum. Aðrir brotaflokkar þar sem þessum úrræðum er beitt og útaf standa er nokkuð jafn skipt milli auðgunarbrot, kynferðisbrota og ofbeldisbrota. Þá er talin með símahlustun skv. 81 og úrræði 82. gr. sakamálalaga.

Þessar upplýsingar sem á eftir koma eru um fjölda tilvika þar sem aflað er upplýsinga um tengingar milli fjarskiptatækja, t.d. síma eða tölva og þar með upplýsingar um notkun fjarskiptatækja á Internetinu, niðurhal og annað það sem talið er upp í 42. gr. fjarskiptalaga. Það skal tekið fram að þessara upplýsinga er aflað á grundvelli 80. gr. sakamálalaga nr. 88/2008. Ákvæði 42. gr. fjarskiptalaga varðar eingöngu skyldu fjarskiptafyrirtækja til að varðveita nauðsynlegar lágmarks upplýsingar svo unnt sé að upplýsa um brot þar sem þessi tækni kemur við sögu. Það verður þó að hafa í huga að upplýsingar skv. 80. gr. sakamálalaga má afhenda á grundvelli samþykki umráðamanns eða eiginlegs notanda fjarskiptatækis, sbr. 2. málslíð 1. mgr. 84. gr. sakamálalaga og er það eina úrræði XI. kafla sem heimilar öflun gagna á grundvelli samþykkis.

Það skal tekið fram að 6 mánaða geymsluskylda þessara gagna, skv. 3. mgr. 42. gr., er langt í frá nægjanlegur tími til að tryggja að rannsókn brota nái fram að ganga í öllum tilfellum, enda hefst rannsókn sakamála mjög sjaldan fyrr en eftir að notkun þessara tækja á sér stað. Þá er gríðarlegt magn réttarbeiðna sem berst árlega erlendis frá þar sem óskað er eftir öflun þessara gagna í þágu erlendra sakamálarannsókna sem augljóslega eru tímafrekari í framkvæmd.

Fjöldi aðgerða greint eftir því embætti sem var með málið.

2017

	Lögreglustjórinn á Austurlandi	Héraðssaksóknari	Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	Lögreglustjórinn á Suðurnesjum	Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra	Lögreglustjórinn á Vestfirðum	Lögreglustjórinn á Vesturlandi	Alls
Útskrift á gagnanotkun farsíma			15	1	3		1	20
Útskrift á notkun	3	1	70	35	2	6	2	119
Alls	3	1	85	36	5	6	3	139

2018

	Héraðssaksóknari	Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	Lögreglustjórinn á Suðurnesjum	Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra	Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra	Lögreglustjórinn á Suðurlandi	Lögreglustjórinn á Vestfirðum	Lögreglustjórinn á Vesturlandi	Alls
Útskrift á gagnanotkun farsíma	2	24	32		2	1		4	65
Útskrift á notkun	2	63	53	3	1	4	2	4	132
Alls	4	87	85	3	3	5	2	8	197

Alls

44

5

70

34

3

7

2

165

2020

			<i>Héraðssaksóknari</i>						
		29	<i>Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu</i>						
		12	<i>Lögrelustjórinn á Suðurnesjum</i>						
		4	<i>Lögrelustjórinn á Suðurlandi</i>						
		3	<i>Lögrelustjórinn á Norðurlandi eystra</i>						
		2	<i>Lögrelustjórinn á Vestfjörðum</i>						
		1	<i>Lögrelustjórinn á Vesturlandi</i>						
		49							
Útskrift á gagnanotkun farsíma	4	73	33	6	5	2	1	1	124
Útskrift á notkun	4	102	45	10	8	2	2	2	173
Alls	4	102	45	10	8	2	2	2	173


Helgi Magnús Gunnarsson
vararíkissaksóknari

Nefndasvið Alþingis

2019

Útskrift á notkun	Útskrift á gagnanotkun farsíma	
30	14	<i>Héraðssaksóknari</i>
3	2	<i>Lögreglustjórinn á Austurlandi</i>
64	6	<i>Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu</i>
25	9	<i>Lögreglustjórinn á Suðurnesjum</i>
1	2	<i>Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra</i>
7		<i>Lögreglustjórinn á Vestfjörðum</i>
1	1	<i>Lögreglustjórinn á Vesturlandi</i>
131	34	<i>Alls</i>